

## **235. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 8. nóvember 2005.**

Þorsteinn Gunnarsson setti fund kl. 12:00.

Mættir voru auk hans:

Anna Þóra Baldursdóttir fulltrúi kennara  
Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra  
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara  
Kristján Sturluson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Laufey S. Sigurðardóttir ritari rektors

Gestir: Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir  
Gísli Magnússon skrifstofustjóri  
Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri  
Steingrímur Sigurgeirsson aðstoðarmaður ráðherra

Starfshópur um endurskoðun á starfsemi háskólans:  
Benedikt Sigurðarson stjórnarformaður KEA  
Guðbrandur Sigurðsson forstjóri MS  
Jóna Jónsdóttir forstöðumaður samskiptamiðstöðvar og markaðs- og  
kynningarfulltrúi  
Ögmundur Knútsson framkvæmdastjóri

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

### **1. Fundargerð 234. fundar**

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

### **2. Tillögur starfshóps um endurskoðun á starfsemi háskólans**

Síðla árs 2004 setti háskólaráð af stað vinnu sem hafði að markmiði að skila 100 milljónum króna hagræðingu í rekstri háskólans. Með rekstraráætlun ársins 2005 var kynnt áætlun um sparnað í árlegum rekstrarkostnaði upp á 55 milljónir króna. Það er gert með aukinni samkennslu milli deilda, sameiningu brauta/námsleiða eða með því að leggja af nám sem lítil aðsókn hefur verið í. Í júní sl. skipaði háskólaráð starfshóp til að fara yfir rekstrarkostnað, skipulag deilda, stjórnsýslu og þjónustu með það að markmiði að ná fram frekari hagræðingu í rekstri. Starfshópurinn hefur skilað tillögum um hvernig spara megi til viðbótar liðlega 50 milljónir króna.

Starfshópurinn kom á fundinn og kynnti tillögur sínar. Í máli þeirra kom fram að í vinnu sinni við að ná fram sparnaði hafi hópurinn haft að leiðarljósi að leggja áherslu á kjarnastarfsemi háskólans, að gæði náms og rannsókna sé grunnforsenda í allri starfsemi hans. Lagt var upp með að einfalda og skerpa línur. Rætt var við stjórn háskólans og auk þess við fjölmarga aðra aðila, innan og utan hans.

Fyrirspurnir og umræður urðu um ýmis atriði tillagnanna. Starfshópnum voru þökkuð ágæt störf og yfirgáfu meðlimir hans fundinn. Umræður fóru fram innan ráðsins og unnin voru drög að tillögum um endurskipulagningu á háskólanum sem byggð voru á tillögum starfshópsins.

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, kom á fundinn ásamt Gísla Magnússyni, Guðmundi Árnasyni og Steingrími Sigurgeirssyni. Þorgerður sagði sjálfstæði háskóla mikilvægt og lagði áherslu á að ráðuneytið vildi sjá vöxt háskólans sem mestan. Hún sagði ljóst að háskólinn væri að bregðast við fjárhagsvanda sínum af mikilli alvöru og ábyrgð. Umræður fóru fram um ýmis málefni háskólans s.s. rannsóknafjárveitingar, gæðaeftirlit og húsnæðismál.

Ráðherra og fylgdarlið hennar yfirgaf fund.

### **3. Úrvinnsla og afgreiðsla á tillögum**

Tillögur voru yfirfarnar og þær unnar áfram.

Rektor lagði fram greinargerð deildarforseta félagsvísinda- og lagadeildar um skipulag laganáms við háskólann. Einnig lagði hann fram áskorun frá laganemum félagsvísinda- og lagadeildar sem þeir höfðu afhent menntamálaráðherra fyrr um daginn. Þar skora þeir á ráðherra að beita sér fyrir því að háskólinn fái heimild til að

bjóða upp á fullgilt nám til embættisprófs. Ráðherra hafði tekið vel í erindi þeirra og fól háskólaráð rektor að eiga viðræður við ráðherra um lausn málsins.

**4. Önnur mál**

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Kl. 17:35 var fundi frestað til 10. nóvember nk.

## **235. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 10. nóvember 2005. Framhaldsfundur**

Þorsteinn Gunnarsson setti fund kl. 12:00.

Mættir voru auk hans:

Anna Þóra Baldursdóttir fulltrúi kennara  
Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra, símleiðis  
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara  
Kristján Sturluson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Jóna Jónsdóttir markaðs- og kynningarfulltrúi  
Laufey S. Sigurðardóttir ritari rektors

Rektor setti fund og kynnti nýja dagskrá.

### **1. Úrvinnsla og afgreiðsla á tillögum starfshóps um endurskoðun á starfsemi háskólans**

Unnið var áfram með tillögur ráðsins um aðgerðir til hagræðingar í rekstri háskólans. Eftirfarandi tillögur voru samþykktar einróma:

#### **Deildir**

Háskóladeildum verður fyrst í stað fækkað úr sex í fjórar. Auðlindadeild og upplýsingatæknideild verða sameinaðar viðskiptadeild og heiti viðskiptadeildar breytt í viðskipta- og raunvísindadeild. Í samræmi við þessar skipulagsbreytingar er við það miðað að deildarforseti viðskiptadeildar stýri hinni sameinuðu deild þar til ráðningartíma hans lýkur í október 2008. Auk þessarar deildar starfa félagsvísinda- og lagadeild, heilbrigðisdeild og kennaradeild við háskólann. Þegar kennaradeild flyst á háskólasvæðið er stefnt að enn frekari fækkun og endurskipulagningu deilda þannig að þær verði ekki fleiri en þrjár. Námsleiðum í félagsvísinda- og lagadeild verði fækkað og hagrætt verði í námsframboði í öðrum deildum án þess að það hafi áhrif á námsframvindu nemenda.

#### **Framhaldsnám**

Framhaldsnám verði eftt til muna og núverandi námsframboð verði aukið. Meðal þess sem skoðað verði er hagkvæmni þess að komið verði á fót sjálfstæðri stofnun eða félagi í nánnum tengslum við deildir háskólans. Meginverkefni yrði skipulag og framkvæmd framhaldsnáms í samstarfi við háskóladeildir sem eru faglega ábyrgar fyrir gæðum námsins og veita viðkomandi prófgráðu.

#### **Stjórnsýsla og þjónusta**

Stjórnsýslu- og þjónustueiningum verði fækkað úr sex í eina háskólaskrifstofu sem skiptist í akademíska stjórnsýslu og stoðþjónustu undir stjórn eins framkvæmdastjóra. Verkefnum verður útvistað eftir því sem hagkvæmt þykir.

#### **Yfirstjórn**

Lagt er til við menntamálaráðuneyti að lögum um háskólann verði breytt á þann veg að háskólaráð verði þannig skipað að þar eigi sæti fimm manns. Tveir verði skipaðir utan háskólans af menntamálaráðuneyti, annar þeirra formaður, tveir verði kosnir af akademískum starfsmönnum háskólans og nemendur kjósi einn fulltrúa úr sínum hópi. Hlutverk háskólaráðs yrði einkum fólgið í langtímastefnumótun, fjárhagslegum málefnum og rekstrarlegu eftirliti. Deildarforsetar, framkvæmdastjóri og rektor myndi framkvæmdastjórn sem komi saman reglulega undir forsæti rektors. Hlutverk framkvæmdastjórnar er áætlanagerð, samræming, dagleg stjórnun og eftirfylgni við áðurgerðar samþykktir.

#### **Háskólafundur**

Efnt verði til háskólafundar sem verði reglulegur vettvangur fulltrúa allra hagsmunahópa innan háskólans til að hafa áhrif á stefnumótun og starfsemi hans.

### **Skólagjöld á erlenda nemendum**

Heimiluð verði innheimta skólagjalda af nemendum frá þriðja landi, þ.e. nemendum frá ríkjum utan EES.

### **Framkvæmd**

Háskólaráð felur rektor að hrinda ofangreindum tillögum í framkvæmd. Miðað er við að breytingar á stjórnslu og þjónustu hefjist strax og verði lokið eigi síðar en 1. júní 2006. Sameining auðlinda- og upplýsingatæknideildar við viðskiptadeild hefjist strax og nýtt skipulag fyrir viðskipta- og raunvísindadeild taki gildi eigi síðar en 1. ágúst 2006. Rektor er heimilað að ráða tímabundið utanaðkomandi ráðgjafa til að undirbúa og fylgja eftir þessum breytingum. Í þeim tilvikum þar sem stjórnkerfisbreytingar krefjast lagabreytinga er rektor falið að fylgja eftir samþykktum háskólaráðs við menntamálaráðuneyti.

### **Fjárhagsleg áhrif**

Með ofangreindum samþykktum telur háskólaráð að markmið um sparnað að upphæð liðlega 50 m.kr. muni nást.

Háskólaráð leggur áherslu á að endurskoðun skipulags Háskólans á Akureyri sé eðlileg afleiðing þess mikla vaxtar sem hefur verið í starfseminni. Einungis með styrkum rekstrargrundvelli verður hægt að halda á lofti þeim miklu kröfum og gæðum í starfi háskólans sem starfsfólk hans hefur metnað til. Þannig verður háskólinn betur í stakk búinn til að mæta fyrirsjáanlegum vexti.

## **2. Kynning á niðurstöðum háskólaráðs**

Gengið var frá fréttatilkynningu um samþykktir ráðsins. Rektor greindi frá því að búið væri að boða stjórnendur, stjórn kennarafélaga og stjórn félags stúdenta á fundi strax að loknum fundi háskólaráðs til að kynna þeim niðurstöður. Ákveðið var að Anna Þóra og Kristján myndu taka þátt í þessum fundum með rektor. Daginn eftir verða haldnir kynningarfundir með starfsmönnum og nemendum háskólans.

## **3. Önnur mál**

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:45